

Stjórnarfundur 29. janúar 2018

Mættir eru: Leifur Arason, Heiðrún Sigurðardóttir, Sigurlaug Anna Auðunsdóttir, Kristrún Ágústsdóttir, Maríanna Gunnarsdóttir, Svaðar Magnússon og Þórir Örn Grétarsson

Málefni tekin fyrir:

1. Deiliskipulag í Almannadal

Leifur og Hjörtur áttu fund með Finni hjá Landslagi vegna deiliskipulags í Almannadal. Nýtt deiliskipulag verður lagt fram þar sem fram koma tvær megin breytingar; reiðskemma á lóð Fáks og uppskipting lóða, þannig að hvert hús verður ein lóð, en ekki fjögur hús á hverri lóð eins og er í dag. Allir eru sammála um að það muni minnka flækjustigið og auðvelda fólk að byrja að byggja.

2. Ársreikningur og fjármál

Rætt um stöðu fjármála innan félagsins. Stjórnin samþykkir að láta skoða hvort félagið hafi efni á að ráða starfsmann í hálf starf við að sinna verkefnum á borð við bókun reikninga, tímabókanir í reiðhöll ásamt almennum verkefnum sem falla til á skrifstofu framkvæmdastjóra. Einnig til að sjá um helstu samskipti við nefndir.

3. Veitingasalir

Nýr veitingamaður tekur við félagsheimilinu 1. febrúar 2018. Framkvæmdastjóri Fáks mun sjá um útleigu á salnum í reiðhöllinni en hann verður ekki leigður út með veitingum. Leiguverð verður kunngert fljótlega en innifalið í því verður sérstakt þrifagjald.


4. Fáksúlpur 2018

Stjórnin samþykkir að taka tilboði 66°N um Fáksúlpur þetta árið. Tilboðið felur í sér riflegan magnafslátt af dökkblárrí Vatnajökuls úlpu fyrir fullorðna og dökkblárrí Sif úlpu fyrir börn og unglings.

5. Ný mótanefnd

Ný mótanefnd hefur verið mynduð. Hana skipa Sigurbjörn Þórmundsson, Elín Borg, Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir, Íva Viðarsdóttir, Anna Birna Snæbjörnsdóttir, Vala Rós Ingvarsdóttir og Páll S Pálsson.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.



Hildur Ólafsson